

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2005

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar sem er jafnframt þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu. Stjórn stofnunarinnar skipuðu Sverrir Haukur Gunnlaugsson og Magnús K. Hannesson af hálfu utanríkisráðuneytisins, Stefán Ásmundsson og Kolbeinn Árnason af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins, og Eiríkur Tómasson og Björg Thorarensen af hálfu Háskóla Íslands.

Hafréttarstofnun auglýsir árlega styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti en engin umsókn barst í ár.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 4.–22. júlí. Hafréttarstofnun veitti fjórum Íslendingum, Bjarna Má Magnússyni, Guðrúnu Eyjólfsdóttur, Péttri Má Jónssyni og Sigurði Steinari Ketilssyni, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin nokkrum einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í einni viku námskeiðsins í ár.

Forstöðumaður tók þátt í ráðstefnu á vegum Hafréttarstofnunarinnar við Virginíuháskóla og Xiamen University Center for Oceans Law Studies, undir heitinu Recent Developments in the Law of the Sea and China, í Xiamen, Kína, 9.–12. mars. Flutti hann þar erindi, “Emerging UN Law of the Sea Issues”.

Hafréttarstofnun og lagadeild H.Í. efndu til málstofu um Svalbarðamálið í Lögbergi 6. apríl. Fyrirlesari var Robin Churchill, prófessor við Cardiff Law School. Forstöðumaður flutti inngangserindi og stýrði málstofunni sem var fjölsótt.

Hafréttarstofnun átti styrktaraðild að ráðstefnu á vegum Kanadastjórnar um stjórnun úthafsveiða og úthafsveiðisamninginn í St. John's, Nýfundnalandi, Kanada, 1.–5. maí. Studdi stofnunin þátttöku fulltrúa þriggja þróunarríkja í ráðstefnunni.

Hafréttarstofnun veitti Leifi Eiríkssyni málflutningsfélagi styrk vegna þátttöku íslenskra laganema í Philip C. Jessup málflutningskeppninni í þjóðarétti 27. mars – 2. apríl.